

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1874****2023/EES/62/45****frá 25. október 2021**

um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af reglugerð (ESB) 2018/395 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi og af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir svifflugur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 23. gr., 27. gr. og 31. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þýsku útgáfunni af reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ⁽²⁾ eru villur í BFCL-hluta, BPL-kafla, a-lið BFCL.125 BPL og e-lið BFCL.145 BPL í III. viðauka sem breyta merkingu textans.
- 2) Í þýsku útgáfunni af framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ⁽³⁾ eru svipaðar villur í SFCL-hluta, SPL-kafla, a-lið SFCL.125 SPL og e-lið SFCL.145 SPL í III. viðauka sem breyta merkingu textans.
- 3) Því ætti að leiðrétta þýsku útgáfuna af reglugerð (ESB) 2018/395 og af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 378, 26.10.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir loftbelgi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna sem og um veitingu flugliðaskírteina fyrir svifflugur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

2. gr.

(Á ekki við um íslensku útgáfuna).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
